



Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar fyrir rekstrarárið 2019/2020

Haldinn að Jaðri 15. desember 2020 kl. 20:00

Framkæmdarstjóri klúbbsins Steindór Kristinn Ragnarsson setti fundinn, bauð félaga velkomna á fyrsta aðalfund GA í gegnum fjarfundabúnað. Fundurinn fer fram í gegnum Teams þar sem félagar skráðu sig fyrirfram á fundinn og fengu sendan tengil til þess að taka þátt í fundinum. Þar mun leynileg atkvæðagreiðsla einnig fara fram. Steindór tilnefndi Sigmundur Einar Ófeigsson sem fundarstjóra og Skúli Eyjólfsson sem ritara. Tilnefning var samþykkt án athugasemda. Steindór gaf fundarstjóra orðið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur lagður fram til samþykkis.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikningur borinn upp til samþykktar.
5. Kosning stjórnar og varmanna í stjórn GA. Kosning í nefndir á vegum klúbbsins. (hér eru bara bornar upp GSÍ nefndir, Vallarnefnd, kappleikjanefnd, forgjafarnefnd og aganefnd)
6. Kosning skoðunarmanna ársreiknings.
7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
8. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
9. Önnur mál. Undir liðnum önnur mál gerir gjaldkeri grein fyrir rekstraráætlun næsta árs.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gaf formanni GA, Bjarna Þórhallssyni orðið.

Skýrsla formanns:

Bjarni Þórhallsson, formaður, byrjaði á því að minnast látinna félaga GA og stiklaði svo á því helsta úr skýrslu formanns sem birt hefur verið á heimasíðu GA.

Ársreikningur kynntur

Steindór, framkvæmdarstjóri, gerði grein fyri ársreikningi GA.

Steindór fór í gegnum helstu tölur ársreiknings GA fyrir starfsárið 2019/2020. Hagnaður ársins var 18.590.085 kr eftir fjármagnsliði, samanborið við 1.090.228 kr hagnað árið áður. Ársreikningur er birtur á heimasíðu GA.

Rekstur ársins gekk vel, tekjur námu alls 179,5 m.kr. samanborið við 152 m.kr.árinu áður sem er 18% tekjuaukning. Rekstrargjöld voru alls 154 m.kr. samanborið við 143 m.kr. árið áður en þau hækkuðu einungis um 7,6% milli ára. Ebitda af rekstri er 37 m.kr. sem hækkar um 67,5% milli ára. Nánari upplýsingar má finna í ársreikning GA.

Umræða um skýrslu formanns og ársreiknings ásamt samþykki ársreiknings:

Karl Guðmundsson tók til orða og þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir vel unnin störf á árinu. Hann var ánægður með ákveðna liði ársreiknings þ.a.m vallargjöld og telur að hagnaður ársins þyrfti að vera notaður til að lækka skuldir. Rekstrarafkoma GA síðustu 10 árin sagði Karl vera 67.000 kr. Karl sagðist ánægður með rekstrarniðurstöðu ársins.

SSÉ
SÉO

Steindór kom inn á rekstur Klappa og fór yfir þá jákvæðu kosti fyrir GA að vera með inniaðstöðu að Jaðri.

Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og var samþykktur með atkvæðagreiðslu félaga á fjarfundinum á Teams, enginn var á móti.

Kosning stjórnar og varmanna í stjórn, kosning í nefndir á vegum klúbbsins.

Stjórn GA fyrir rekstrarárið 2020/2021:

Aðalstjórn

- Formaður – Bjarni Þórhallsson Eitt ár
- Varaformaður: Jón Steindór Árnason Seinna ár
- Ritari: Skúli Eyjólfsson Seinna ár
- Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir Fyrra ár
- Meðstjórnandi: Eygló Birgisdóttir Fyrra ár

Varamenn í stjórn

- Viðar Valdimarsson Eitt ár
- Vigfús Ingi Hauksson Eitt ár

Kosið var um Bjarna, Guðlaugu, Eygló, Viðar og Vigfús. Ekki kom mótframboð, meirihluti félaga samþykktu framboð í stjórn GA, enginn var á móti.

Kosið í nefndir – tillaga uppstillinganefndar

Vallarnefnd:

- Jón S. Hansen
- Jón Steindór Árnason
- Heimir Jóhannsson
- Sverrir Þorvaldsson
- Halla Sif Svavarsdóttir
- Þórunn Haraldsdóttir
- Karl Guðmundsson

Kappleikjanefnd:

- Jón Heiðar Sigurðsson - formaður
- Baldur Ingi Karlsson
- Arinbjörn Kúld

Forgjafar og aganefnd:

- Björn Axelsson - formaður
- Stefán Jónsson
- Eiður Stefánsson

Tillaga var samþykkt af meirihluta.

Fundarstjóri bar fram tillögu um skoðunarmenn ársreiknings:

Skoðunarmenn ársreiknings fyrir rekstrarárið 2019-2020:

- Sveinn Pálsson
- John Júlíus Cariglia

Tillaga var samþykkt af meirihluta.

LSE
SEB

Tillaga árgjalda 2019/2020.

Borin var upp tillaga að árgjöldum, svohljóðandi.

Flokkar	2020	2021
27-66 ár	102.500 kr	109.500 kr
67 ár og eldri	84.000 kr	89.500 kr
19-26 ára	55.500 kr	59.500 kr
15-18 ára	44.500 kr	47.500 kr
11-14 ára	34.000 kr	36.500 kr
10 ára og yngri	29.000 kr	31.500 kr
Nýliðar**	75.000 kr	89.500 kr

*Þeir sem greiða árgjald fyrir 15. mars fá paráfyllingu að verðmæti 4.000 kr

**Nýliðar fá Birdie kort á Klappir, tíma í golfhermi og 2 fyrir 1 í kennslu hjá kennurum GA. Áfram verður hjónaafsláttur.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt af meirihluta.

Lagabreytingar:

Ekki komu neinar tillögur að lagabreytingum.

Önnur mál

Rekstraráætlun fyrir árið 2020/20221

Steindór kynnti og gerði grein fyrir rekstraráætlun næsta starfsárs GA, áætlunin gerir ráð fyrir hagnaði upp á 6.265.000 kr þar sem ebitda er áætlað 22.200.000 kr. Samtals eru áætlaðar tekjur kr. 175.000.000 kr en samtals gjöld 161.800.000 kr.

Jón Steindór kom upp og fór yfir þær framkvæmdir sem klúbburinn vill ráðast í og ítrekaði að það yrði ekki gert nema með aðkomu bæjarins.

Verðlaun og viðurkenningar 2020/2021

Kylfingur ársins var valinn Lárus Ingi Antonsson og háttvísibikar GA hlýtur Veigar Heiðarsson. Vegna Covid verða verðlaun afhent síðar.

Afreksmerki GA hljóta þeir sem orðið hafa íslandsmeistarar, akureyrarmeistarar karla_eða kvenna og þeir sem hafa verið valdir í landslið á vegum golfsamands Íslands.

- Ævarr Freyr Birgission – Akureyrarmeistari árið 2014
- Stefanía Kristín Valgeirsdóttir – Akureyrarmeistari árið 2012
- Halla Berglind Arnardóttir - Akureyrarmeistari árið 2010
- Ólafur Auðunn Gylfason - Akureyrarmeistari árið 2011
- Stefanía Elsa Jónsdóttir - Akureyrarmeistari árið 2017
- Maríanna Ulriksen - Akureyrarmeistari árið 2018

- Valmar Valjaöts – íslandsmeistari golfklúbba öldunga 2020

SSE
SEO

- Kjartan Fossberg Sigurðsson - íslandsmeistari golfklúbba öldunga 2020
- Leifur Þormóðsson - íslandsmeistari golfklúbba öldunga 2020
- Jón Birgir Guðmundsson - íslandsmeistari golfklúbba öldunga 2020
- Eiður Stefánsson – íslandsmeistari golfklúbba öldunga 2020
- Veigar Heiðarsson – íslandsmeistari holukeppni 14 ára og yngri 2020.

Fundarstjóri gaf nýkjörnum formanni orðið. Bjarni fór yfir nokkur mál og þakkaði fyrir sig. Fundarstjóri fékk umboð fundarins fyrir starfsmenn hans að ljúka við ritun fundargerðar og sleit fundinum.

Fundi slitið 21:01

Fundaritari: Skúli Eyjólfsson

Fundarstjóri: Sigmundur Einar Ófeigsson

Skúli Eyjólfsson

Sigmundur E. Ófeigsson